

**Sþ. 401. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]**

um endurskoðan lagaákvæða um löndun erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Jón Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Jónsson,  
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé tímabært að láta fram fara endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um löndun erlendra fiskiskipa á afla sínum í íslenskum höfnum með það fyrir augum að bæta úr atvinnuerfiðleikum einstakra byggðarlaga, sem skortir hráefni til vinnslu.

**Greinargerð.**

Samkvæmt íslenskum lögum er meginreglan sú, að erlendum fiskiskipum er óheimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum. Í lögum nr. 33 19. júní 1922 er atvinnumálaráðherra þó heimilað að veita leyfi til þess, að eigendur síldarverksmiðja megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eigin nota. Hefur sú heimild sjaldan verið notuð.

Nokkur undanfarin ár hefur síldargöngum hér við land verið þannig háttað, að sumarsíld hefur aðallega veiðzt við Austfirði. Af því hefur leitt, að síldarverksmiðjur á Norðurlandi og Vestfjörðum hafa lítt eða ekki verið hagnýttar. Þær hafa ekki fengið hráefni til vinnslu. Úr þessu hefur þó lítillaga verið bætt með flutningum á síld milli landshluta.

Sú spurning hefur því vaknað, hvort ekki væri hyggilegt að rýmka ákvæðin um löndunarmöguleika erlendra fiskiskipa og bæta með því úr tilfinnanlegum erfiðleikum í einstökum landshlutum. Má í þessu sambandi benda á, að íslensk síldveiðiskip hafa fengið leyfi til þess að landa afla sínum erlendis, t. d. í Noregi og Danmörku.

Með tillögu þessari er lagt til, að athugun verði látin fram fara á þessum málum.

Fjórir af flm. þessarar tillögu leggja jafnframt fram frv. um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi. Er þar um að ræða bráðabirgðabreytingu, sem ætlað er að gilda í eitt ár, meðan athugun sú, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, fer fram.